

**Samningur
milli
Myndhöfundasjóðs Íslands („Myndstef“)
og XXX („safnið“)**

um eintakagerð og stafræna birtingu á afritum af safnkosti úr rafrænum safnmunaskrá

1. Inngangur og gildissvið

- 1.1 Tilgangur þessa samnings er að koma á skýrum, einföldum og samræmdum skilmálum og verðskrá fyrir eintakagerð og birtingu safnsins á netinu af stafrænum afritum af safnkosti úr safnmunaskrá safnsins. Samningurinn nær aðeins til safnkosti sem nýtur lögvarinnar höfundarverndar („safnkostur“).
- 1.2 Samningurinn er gerður á grundvelli 12. gr. b., sbr. 26. gr. a. höfundalaga nr. 73/1972 („höfundalög“) með áorðnum breytingum. Samningurinn veitir þannig samningskvaðaleyfi í skilningi höfundalaga.
- 1.3 Að öðru leyti en kveðið er á um í samningi þessum fer um notkun eftir meginreglu höfundaréttar um einkarétt höfundar til birtingar og eintakagerðar af verkum sínum.
- 1.4 Samningnum er ætlað að veita aðgengi að menningararfi þjóðarinnar til kynningar, menntunar og fræðslu til skóla og almennings sbr. *Menningarstefnu stjórnvalda* (2013), einnig skv. 1. gr. safnalaga nr. 141/2011 („safnalög“) og 2. mgr. 3. gr. sömu laga um hlutverk safna á Íslandi.
- 1.5 Um safnið gilda safnalög.
- 1.6 Það er forsenda þessa samnings að safnið sé í eigu hins opinbera eða það hafi viðurkenningu safnaráðs skv. safnalögum.
- 1.7 Það er forsenda þessa samnings að Myndstef hafi hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis til samningsgerðarinnar, sbr. 4. mgr. 26. gr. a. höfundalaga.

2. Samningskvaðaleyfi

- 2.1 Með samningi þessum veitir Myndstef safninu leyfi til eintakagerðar og til að gera safnkost aðgengilegan með stafrænum hætti, sbr. 12. gr. b höfundalaga. Samningur þessi nær til verka í safnkosti safnsins eftir íslenska höfunda.
- 2.2 Samningurinn nær aðeins til stafrænna afrita af safnkosti sem skráður er eða verður í stafræna safnmunaskrá safnsins.
- 2.3 Við eintakagerð á grundvelli þessa samnings er safninu óheimilt, án samþykkis höfundar verks, að gera breytingar á verkinu fram yfir það sem lögmæltur tilgangur með eintakagerðinni leyfir.
- 2.4 Safnið ber enga ábyrgð á notkun þriðja aðila á þeim afritum sem safnið birtir á grundvelli þessa samnings. Um notkun þriðja aðila fer þannig eftir höfundalögum.
- 2.5 Í samræmi við tilgang samningsins er aðilum ljóst að almenningur getur t.a.m. nýtt sér birtingu safnsins á afriti á safnkosti til einkanota í samræmi við höfundalög, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi.
- 2.6 Aðilar eru sammála um það að í samningnum felst jafnframt réttur fyrir skóla og aðrar menntastofnanir til þess að nýta sér þau stafrænu afrit sem safnið birtir, í kennslu og í fræðsluskyni. Safnið skal með engum hætti bera ábyrgð á slíkri notkun.

3. Undantekning

- 3.1 Hafi höfundur að verki í safnkosti safns bannað Myndstefi eða safninu notkun á verkinu, sbr. 2. mgr. 26. gr. a höfundalaga, skal verk hans undanþegið rétti safnsins samkvæmt þessum samningi.
- 3.2 Aðilar skulu halda lista yfir þá höfunda sem bannað hafa notkun á verki í safnkosti safnsins og skal listinn teljast fylgiskjal 1 með samningi þessum. Samningsaðilar skulu upplýsa hvor annan jafnóðum um breytingar á efni fylgiskjalsins.

4. Tilgreining höfundaréttar og birting

- 4.1 Við birtingu á afritum safnkosts skal safnið geta nafns höfundar verksins og þeirrar heimildar sem notuð er, eftir því sem aðstæður leyfa sbr. 2. mgr. 26. gr. höfundalaga. Þá skal safnið leitast við að auðkenna afritin eftir því sem kostur er með vatnsmerki þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: Tilgreining safnsins, aðfanganúmer, höfundur ef við á og þess getið að myndin sé í höfundarétti.
- 4.2 Með samningnum skuldbindur safnið sig til að hafa eftirfarandi texta sýnilegan á þeim stað er afrit safnkosts eru birt, s.s. á vefsvæði:

Afrit af safnkosti þeim er hér er birtur felur í sér höfundaréttarvarið efni, en birtingin fer fram á grundvelli samningskvaðasamnings á milli Myndstefs og viðkomandi safns. Samningurinn veitir enn fremur leyfi til endurnotkunar verkanna til einkanota og í kennslu eða í fræðsluskyni. Öll önnur endurbirting/eintakagerð er óheimil. Ef spurningar vakna um forsendur samningskvaðasamningsins, eða ef einstaka höfundur vill ekki heimila notkun verka sinna undir ofangreindum skilmálum, skal hafa samband við Myndstef- myndstef@myndstef.is

[ENSKA]

National and international copyright laws protect the artwork here presented. Publishing of the artwork on this website is based on a Extended Collective License (ECL) between Myndstef and each museum, according to the Icelandic copyright bill. This ECL also permits the use of the artworks for research, educational or private use. The artworks may not be reproduced or made public in any other way. Please contact Myndstef for further information or in order to obtain a license. myndstef@myndstef.is

5. Gjaldskrá

- 5.1 Fyrir eintakagerð og birtingu á afritum af safnkosti samkvæmt samningi þessum greiðir safnið umsamið árgjald, að fjárhæð XXX kr. Fyrsta árið greiðir safnið hálf gald (2019).
- 5.2 Árgjaldið skal taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs og skulu breytingar taka gildi í desember ár hvert fyrir næsta ár.
- 5.3 Ef verulegar breytingar verða á safnkosti skulu samningsaðilar endurskoða árgjald.
- 5.4 Gjald dagi þóknunar er 31. janúar ár hvert, með eindaga 30 dögum síðar.
- 5.5 Notkun þriðja aðila á afritum þeim sem safnið birtir á grundvelli þessa samnings skal engin áhrif hafa á árgjald.

6. Ábyrgð Myndstefs

- 6.1 Myndstef skal alfarið bera ábyrgð á uppgjöri við höfunda og aðra réttihafa sem verk eiga í safnkosti þeim er fellur undir samning þennan, í samræmi við 26. gr. b. höfundalaga.
- 6.2 Myndstef skal halda safninu skaðlausu vegna hvers konar krafna frá höfundum eða réttihöfum er varða uppgjör vegna eintakagerðar eða birtingu safnsins á stafrænum afritum af safnkosti á grundvelli samnings þessa. Þá skal Myndstef jafnframt halda safninu skaðlausu ef eintakagerð og/eða birting safnsins brýtur gegn betri rétti höfundar eða réttihafa sem bannað hefur notkun á verki sínu og tilkynnt það Myndstefi, í þeim tilvikum er Myndstef hefur vanrækt að tilkynna safninu um slíkt bann.

7. Brot á samningsskuldbindingum

- 7.1 Ef annar hvor samningsaðili vanrækir skyldur sínar samkvæmt samningnum er gagnaðila heimilt

að rifta samningnum, að undangenginni áskorun um úrbætur með 30 daga fyrirvara.

- 7.2 Vanræki safnið skyldur sínar samkvæmt 4. gr. í samningi þessum og bætir ekki úr þrátt fyrir skriflega viðvörðun frá Myndstefi, skal Myndstefi vera heimilt að fara fram á álag á þóknun, í stað eða samhliða rétti sínum til að segja samningi upp sbr. grein 8.1. Álag þóknunar skal taka mið af alvarleika og umfangi brotsins, en álag getur hæst orðið 100% og þá í því tilviki er safnið hefur með öllu vanrækt skyldur sínar um tilgreiningu höfundaréttar eða með öðrum hætti brotið á sæmdarrétti höfunda með alvarlegum hætti.

8. Gildistími og framsal

- 8.1 Samningurinn öðlast gildi við undirritun og gildir út árið 2022. Eftir þann tíma framlengist samningurinn um 1 ár í senn, nema honum sé sagt upp skriflega af öðrum hvorum aðilanum með þriggja mánaða fyrirvara fyrir lok viðkomandi framsalstímabils.
- 8.2 Breytist eignarhald safnsins eða missi safnið viðurkenningu sína frá safnaráði skal samningur þessi falla niður, sbr. grein 1.6 í samningi þessum. Það sama á við ef Myndstef missir viðurkenningu sína frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sbr. grein 1.7 í samningi þessum.
- 8.3 Að öðru leyti en kveðið er á um í ákvæði 2 skulu réttindi þau er felast í samningi þessum teljast óframseljanleg, nema að fengnu skriflegu samþykki samningsaðila.

9. Ágreiningur um túlkun

Ef upp kemur ágreiningur milli aðila um túlkun þessa samnings, þar með um notkun hugtaka, takmarkana og skilgreininga, skuldbinda aðilar sig til að leita sátta um ágreininginn. Náist ekki samkomulag skal ágreiningurinn lagður fyrir nefnd, sem í eru eftirfarandi fulltrúar: formaður Myndstefs, forstöðumaður eins viðurkennds safns, forstöðumaður safns og framkvæmdastjóri safnaráðs. Niðurstaða nefndarinnar er einungis til leiðbeiningar og kemur ekki í veg fyrir að aðilar geti síðar látið skera úr ágreiningnum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, _____ (dags)

F.h. safns

F.h. Myndhöfundasjóðs Íslands
